

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 18 frá 1890, um hundaskatt og fleira, lög nr. 8 frá 1924, um heimild fyrir bæjarstjórnir og hreppsnefndir til að takmarka eða banna hundahald í kaupstöðum og kauplúnum, svo og önnur ákvæði, er brjóta í bága við lög þessi.

7

3. febr.

Gjört í Reykjavík, 3. febrúar 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

FORSETA BRÉF

um þinglausnir.

8

6. febr.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið, að Alþingi, 72. löggjafarþingi, skuli slitið í dag, föstudaginn 6. febrúar 1953.

Mun ég því slíta Alþingi í dag.

Gjört í Reykjavík, 6. febrúar 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

TILSKIPUN

um að vernd sú, sem heimiluð er fyrir vörumerki með lögum nr. 43 13. nóv. 1903, skuli einnig ná til Belgiu.

9

23. jan.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að með því að þeim, sem á Íslandi reka verksmiðjuíðnað eða handiðnað, jarðrækt, málmnám, verzlun eða aðra atvinnu, er veittur sami kostur á að öðlast vernd á vörumerkjum í Belgíu, eins og eigin þegnum, þá vil ég samkvæmt heimild þeirri, sem gefin er í 15. gr. laga um vörumerki, 13. nóvember 1903, skipa svo fyrir sem hér segir:

Þeir, sem í Belgíu reka verksmiðjuíðnað eða handiðnað, jarðrækt, málmnám, verzlun eða aðra atvinnu, skulu verða þeirrar verndar á vörumerkjum, sem lög 13. nóvember 1903 heimila, aðnjótandi með þeim skilyrðum, er hér greinir:

1. Tilkynningu skal fylgja sönnun fyrir því, að beiðandi hafi fullnægt skilyrðum þeim, sem sett eru í Belgíu fyrir því, að vörumerkið njóti þar verndar.
2. Beiðandi skal undirgangast, að bæjarþing Reykjavíkur sé varnarþing hans í öllum málum viðvíkjandi vörumerkjum og tilnefna umboðsmann búsettan á Íslandi, er taki á móti málsókn fyrir hans hönd.